



Nefndasvið Alþingis

30. nóvember 2007

Allsherjarnefnd Alþingis

Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík


Varðar: Frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningabætti), sbr. þskj. 197 – 184. mál.

Embætti lögreglustjóra hefur borist erindi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 15. þ.m., þar sem framangreint frumvarp er sent til umsagnar lögreglustjóra.

Eins og fram kemur í athugasemdum frumvarpsins er það samið í refsiréttarnefnd að tilhlutan dómsmálaráðherra. Frumvarpið felur í sér tillögur að mikilvægum lagabreytingum er varða skipulagða glæpastarfsemi, hryðjuverkastarfsemi, mansal og peningabætti, og tekur mið af þróun alþjóðasamninga sem átt hefur sér stað á undanförunum árum á þeim sviðum. Hafa flest nágrannaríkin farið þá leið að lögfesta þau efnisatriði alþjóðasamninga sem um ræðir enda mikil vinna og umræður að baki í sérfræðinganefndum alþjóðastofnana, t.d. í Evrópuráðinu, um skilgreiningatriði, eftirlit, viðurlög, tengsl við mannréttindarákvæði, o.fl. Fagnað er nákvæmari skilgreiningum í verknaðarlýsingum brota ásamt því sem afar mikilvægar umbætur felast í nýjum VII. kafla A í frumvarpsinu um upptöku eigna.

Embættið styður framgang frumvarpsins og gerir ekki athugasemdir við einstök ákvæði þess.

F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu,


Hólmsteinn Gauti Sigurðsson, lögfr. yfirstj. 